

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 10. október klukkan 16:45, Síðumúli 15.

Mætt: Daníel Örn Hinriksson, Marianna Gunnarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.
Fundargerð ritaði Daníel Örn.

Erindi afgreidd milli funda:

Aukin dómarréttindi voru samþykkt af stjórn að beiðni sýningadómaranefndar, en það eru dómarréttindi Daníels Arnar Hinrikssonar í tegundinni Golden Retriever. Daníel Örn sat hjá við afgreiðslu stjórnar.

Erindi frá MAST, vegna brucella canis bakteríusýkingar:

Eins og segir m.a. í erindinu: “ Í ljós þessa að langar okkur hjá Matvælastofnun til að bjóða HRFÍ félögum upp á fræðslufund þar sem við getum bæði upplýst um sjúkdóminn, smitleiðir, greiningaraðferðir og fleira og eins þá að svara spurningum sem á vörum hundaeigenda/ræktenda gætu brunnið. “

„Við gætum komið á boðaðan fræðslufund félagsins þá td sérgreinadýralæknir gæludýra, sóttvarnadýralæknir og dýralæknir súnusjúkdóma og haft kynningu og setið fyrir svörum ef þið óskið. Einnig er hægt að hugsa sér fund með rafrænu formi (td TEAMS) eða blöndu af þessu tvennu þar sem fólk gæti mætt en líka tengst td inn á TEAMS í sal. Efykkur hugnast að þiggja slíkt tilboð þá endilega látið okkur vita hvenær myndi helst henta. Þó er rétt að upplýsa að vika 37 og 38 henta okkur ekki þar sem hluti af okkur verður erlendis. “

Erindinu hefur þegar verið svarað og þakkað fyrir aukið samstarf. Erindinu verður komið áfram til fræðslunefndar eins og kom fram í svari fulltrúa stjórnar til MAST.

NKU Youth, áðursent erindi vegna fulltrúa félagsins. Erindið var sent æskulýðsnefnd sem komst að þeirri niðurstöðu að núverandi fulltrúi félagsins í NKU Youth, Hafdís Jóna Þórarinsdóttir klári starfsárið.

Áfangafellspróf FHD: Stjórn bærust ábendingar frá félagsmönnum vegna skráninga í keppnisflokka á veiðiprófinu og var erindið sent til dómarráðs, æðsta túlkunaraðila veiðiprófareglna standandi fuglafundi. Var það niðurstaða dómarráðs að hundarnir uppfylltu ekki skilyrði til þátttöku. Samkvæmt reglum var þeim endurgreitt þátttökugjald.

Vorsteheild óskaði eftir framlengdum skráningafrest í heiðarpróf sitt dagana 30. september - 2. október 2022 sem stjórn HRFÍ samþykkti.

Tölvukerfi félagsins:

Erna Sigríður kom á fundinn og gaf upplýsingar um stöðuna á innleiðingu tölvukerfis félagsins. Erindi barst einnig frá félagsmanni, sem óskar eftir upplýsingum varðandi tölvukerfi félagsins.

Það hefur verið frá upphafi gert ráð fyrir því að kerfið sinni öllum þáttum félagsins. Það sem var í upphafi sett í forgang, og er enn, er að innleiða þá þætti sem heyra í dag undir skrifstofu félagsins, skráningu ættbókarskírteina, eigendaskipti, umsóknir um titla og þess háttar. Eigendaskipti og umsóknir titla eru í vinnslu þessa stundina.

Skráning ættbóka verður það næsta sem lögð verður áhersla á. Gert er ráð fyrir að skráningar á alla viðburði fari í gegnum vefinn. Heilbrigðisniðurstöður verða í forgangi í gagnavörslu, enda byggja reglur félagsins að mjög miklu leiti á niðurstöðum þeirra þar sem krafa er um niðurstöður heilbrigðis við ræktun og ættbókarfærslu hunda hjá félaginu. Til að hægt verði að

keyra saman gagnagrunna innan HRFÍ þarf að bera saman lög og reglur félagsins við uppsetningu danska tölvukerfisins. Þar er ýmislegt sem stangast á. Því þarf m.a. að fá upplýsingar frá DKK og senda á deildir félagsins og meta hvernig aðlaga eigi reglur og kerfið saman. Engu að síður er það stefnan að öll gagnavarsla verði á vefnum. Stefnan er að tölvukerfið þjóni félagsmönnum HRFÍ eins og það þjónar félagsmönnum DKK. Vonandi sjáum við töluvert meiri nýtingu á næsta ári.

Innleiðing kerfisins verður áfram í höndum Ernu Sigríðar og starfsfólks skrifstofu félagsins.

Skrifstofa félagsins:

Auglýst hefur verið laus staða á skrifstofu félagsins. Auglýst er fullt starf og mun sá starfsmaður sinna almennum skrifstofustörfum ásamt því að koma að flestum þeim verkefnum sem skrifstofa sinnir. Umsóknarfrestur rennur út þann 1. nóvember næstkomandi.

Veðiþróf standandi fuglahunda:

Stjórn HRFÍ hefur að undanförmu borist umsóknir um veðiþróf frá deildum standandi fuglahunda fyrir árið 2023. Stjórn sendi vinsamlega ábendingu á stjórnir viðkomandi deilda þann 8. ágúst síðastliðinn þar sem bent var á gildandi veðiþrófareglur, 01.03.21, þar sem bent var á eftirfarandi:

1.1.2. Umsóknir

Umsóknir ræktunardeilda og svæðafélaga um að halda veðiþróf skal senda til veðiþrófanefndar HRFÍ fyrir 1. ágúst ár hvert.

Umsókn um hvert veðiþróf þurfa að fylgja upplýsingar um stund og áætlaðan stað fyrir prófið, hvers eðlis prófið er, skráningarfrest, upplýsingar um dómara, íslenskur/erlendur og prófstjóra. Fjárhagsáætlun þarf jafnframt að fylgja með umsókn. Einnig skal fylgja skriflegt leyfi landeiganda til prófahalds, þegar það á við.

Veðiþrófanefnd HRFÍ fer yfir umsóknir um veðiþróf og sendir til stjórnar HRFÍ til samþykktar fyrir 1. september vegna veðiþrófa næsta árs. Dagskrá veðiþrófa skal birta á heimasíðum ræktunardeilda.

Stjórn var sammála um að senda erindi á deildirnar og ítreka verkferla við umsóknir veðiþrófa. Veðiþrófareglur eru skýrar um umsóknarferlið.

Erindi frá félagsmönnum:

Erindið varðar tvær tíkur sem voru í eigu og umsjá þroskaskertrar konu, en aðstæðna sinna vegna getur konan ekki verið með tíkurnar og hefur þegar afsalað sér annarri tíkinni og hafa eigendaskipti verið gerð í ættbók. Í erindinu er rakin atburðarás, hvernig konan eignast yngri tikina og hvernig aðstæður hennar breytast, en í dag er ræktandinn með báðar tíkurnar og óskar eftir því að yngri tíkin verði færð á nafn ræktanda.

Stjórn HRFÍ komst að þeirri niðurstöðu að farsælast væri að málsaðilar nái með sér sáttum og gangi að drengskap frá eigendaskiptum sín á milli, skv. reglum um skráningu í ættbók.

Úr reglum um skráningu í ættbók: 7. „*Verði eigendaskipti á hundi ber þeim aðila sem skráður er eigandi hundsins í ættbók, að tilkynna eigendaskiptin til HRFÍ. Senda skal upprunalegt ættbókarskírteini hundsins ásamt skriflegu afsali á hundinum til HRFÍ. Í afsalinu skal koma fram fullt nafn nýs eiganda, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.*“

Erindi frá félagsmanni:

Félagsmaður sendi erindi á stjórn vegna augnskoðunar tíkar í sinni eigu. Viðkomandi fór með tikina í augnskoðun en niðurstöður augnskoðunar tíkarinnar skiluðu sér ekki í

tölvukerfið. Erindið er sent til skrifstofu til athugunar og verður félagsmanni svarað með þessum upplýsingum.

Félagsfundur og húsnæðismál:

Fundargerð félagsfundar verður birt og glærुकyning frá fundinum.

Ingibjörg Salóme gaf stjórn þær upplýsingar að allir pappírar væru tilbúnir hjá fasteingasala til undirritunar.

Leitað var til Arion banka, Landsbankans, Íslandsbanka og Kvikú og hafa allar stofnanir svarað. Arion banki hefur boðið bestu lánakjör en Íslandsbanka, viðskiptabanka HRFÍ, hefur verið boðið að jafna kjör Arion banka.

Önnur mál:

Fundi slitið klukkan 18:30

Næsti fundur er áætlaður 7. nóvember næstkomandi.